



# UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM ÚTREIKNING FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA Á EIGINFJÁRGRUNNI OG HÆFU  
FJÁRMAGNI SAMKVÆMT LÖGUM UM FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI



# UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM ÚTREIKNING  
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA Á EIGINFJÁRGRUNNI OG HÆFU  
FJÁRMAGNI SAMKVÆMT LÖGUM UM  
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

2023 nr. 12

## Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 10. nóvember nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), [www.fme.is](http://www.fme.is).

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að reglum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á framangreindri vefsíðu með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [skjalasafn@sedlabanki.is](mailto:skjalasafn@sedlabanki.is).

## REGLUR um útreikning fjármálafyrirtækja á eiginfjárgrunni og hæfu fjármagni.

### 1. gr. *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem reikna eiginfjárgrunn, eða eftir atvikum hæft fjármagn, í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

### 2. gr. *Útreikningur á eiginfjárgrunni og hæfu fjármagni.*

Fjármálafyrirtæki sem skylt er að reikna eiginfjárgrunn, eða eftir atvikum hæft fjármagn, vegna eiginfjárfarfna skal fylgja ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 241/2014, með síðari breytingum, sbr. 3. gr.

Fjármálafyrirtæki sem skylt er að reikna eiginfjárgrunn, eða eftir atvikum hæft fjármagn, vegna eiginfjárfarfna skal við útreikninga draga frá viðbótarfrádráttarlið í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 523/2014, sbr. 3. gr.

### 3. gr. *Innleiðing reglugerða.*

Með vísan til 2. gr. gilda eftirtaldar reglugerðir hér á landi:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 241/2014 frá 7. janúar 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir kröfur vegna eiginfjárgrunns stofnana, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 59.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 523/2014 frá 12. mars 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til ákvörðunar á því hvað myndar nána samsvörum á milli virðis sértryggðs skuldabréfs stofnunar og virðis eigna stofnunarinnar, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 65. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 289-290.
3. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/488 frá 4. september 2014 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014 að því er varðar kröfur vegna eiginfjárgrunns fyrirtækja á grundvelli fasts kostnaðar, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 59. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 250-253.
4. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/850 frá 30. janúar 2015 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir kröfur vegna eiginfjárgrunns stofnana, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 59. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 257-263.
5. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/923 frá 11. mars 2015 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir kröfur vegna eiginfjárgrunns stofnana, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44

frá 2. júlí 2020, bls. 59. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 264-272.

6. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2176 frá 12. nóvember 2020 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014 að því er varðar frádrátt hugbúnaðareigna frá liðum almenns eigin fjár þáttar 1, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 302/2021 frá 29. október 2021.
7. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/827 frá 11. október 2022 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014 að því er varðar samþykki fyrir lækkun eiginfjárgrunns og kröfur í tengslum við gerninga vegna hæfra skuldbindinga, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2023 frá 22. september 2023.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 241/2014, 2020/2176 og 2023/827 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union):

1. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32014R0241>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 74, þann 14. mars 2014, bls. 8-26;
2. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32020R2176>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 433, þann 22. desember 2020, bls. 27-29;
3. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32023R0827>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 104, þann 19. apríl 2023, bls. 1-22.

4. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 4.-11., 13.-17., 18.-22., 83. og 84. tölul. 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast þegar gildi. Með gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 1162/2022 um útreikning fjármálafyrirtækja á eiginfjárgrunni og hæfu fjármagni.